



Reykjavík, 23. nóvember 2013

## ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði laugardaginn 23. nóvember 2013 vegna tilkynningar starfsmanns KLÍ, dags. 19. nóvember 2013, þar sem tilkynnt var að lið KFR-Lærlinga hefði ekki mætt til keppni í 1. deild karla sunnudaginn 17. nóvember 2013

Haft var samband við Guðlaug Valgeirsson, fyrirliða KFR-Lærlinga og óskað upplýsinga um hvers vegna það hefði ekki mætt umrætt sinn og öðrum sjónarmiðum sem liðið teldi að þyrfti að koma fram. Skýring hans var að ekki hefði verið hægt að manna liðið umrætt sinn.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.e. tilkynningar starfsmanns KLÍ og skýringa KFR-Lærlinga.

Í 11. gr. reglugerðar um aganefnd er m.a. kveðið á um heimild aganefndar til þess að refsa liði sem ekki mætir til leiks án þess að hafa fyrir því gilda ástæðu. Getur refsing í því sambandi verið brottrekstur úr keppni, stígatap, bann á alla leikmenn liðsins og/eða sektir. Á ákvæði þetta við um allar liðakeppnir í A- og B mótum á vegum KLÍ.

Það er mat nefndarinnar, í ljósi þeirra skýringa sem gefnar hafa verið þar sem KFR-Lærlingar gat ekki mannað liðið umrætt sinn leitaðist við að keppa umrætt sinn, hafi liðið haft gilda ástæðu fyrir því að mæta ekki til leiks þannig að ekki komi til refsingar á grundvelli framangreinds ákvæðis.

Þrátt fyrir framangreint, er sérstaklega kveðið á um það í 9. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða að mæti löglega skipað lið ekki til keppni við lok upphitunar, skuli viðureignin úrskurðuð því liði töpuð og það lið sem mætir skal spila til að fá stigin. Segir síðan í 2. málslíð 9. gr. að sekta skuli það lið sem ekki mætir um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigu.

Ákvæðið er fortakslaust að því leyti að sekta skal lið sem ekki mætir til leiks. Er það niðurstaða nefndarinnar að slíkt beri að gera jafnvel þó gildar ástæður í skilningi 11. gr. reglugerðar aganefndar séu fyrir hendi.



Það er hins vegar niðurstaða nefndarinnar að liðinu verði ekki gerð aukin refsing eins og ákvæði 11. gr. reglugerðar um aganefnd heimilar, þar sem fyrir hendi voru gildar ástæður fyrir því að liðið mætti ekki til leiks umrætt sinn að mati nefndarinnar, eins og rakið var að framan.

Í ljósi framangreinds og þar sem KFR-Lærlingar mætti ekki til leiks í 1. deild karla sunnudaginn 17. nóvember 2013, er það niðurstaða aganefndar að sekta KFR-Lærlinga að fjárhæð kr. 14.000 sem jafngildir tvöfaldri brautarleigu.

Úrskurðarorð

KFR-Lærlingar greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 14.000

Bragi Már Bragason, formaður aganefndar

Reynir Þorsteinsson

Guðmundur Sigurðsson